

Fundargerð 504

Föstudaginn 17. desember 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 11), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Kristján Þ. Halldórsson (KÞH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 11), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Starfs- og rekstraráætlun 2022 - til afgreiðslu
3. Málsmeðferðarreglur v. póstmála - til afgreiðslu
4. Uppfærðar reglur um peningaþvætti - til afgreiðslu
5. Kauptilboð í Valgerðarstaði 4 - til afgreiðslu
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til kynningar
8. Cosme og staða lánveitinga til kynslóðaskipta - til kynningar
9. Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og landshlutum - til kynningar
10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
11. Brothættar byggðir, staða verkefnisins - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta stjórnarfundar nr. 503.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Starfs- og rekstraráætlun 2022 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun ársins 2022 en drög að henni voru kynnt á síðasta fundi stjórnar. AÞ kynnti áætlunina og SEÞ og AME fóru yfir mál sem snéru að verkefnum þeirra sviða

Til máls tóku KB og AME.

Urðu umræður um samvinnu milli Byggðstofnunar og Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2022 og var hún samþykkt samhljóða.

3. Málsmeðferðarreglur vegna póstmála - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um reglur um málsmeðferð póstmála auk tillögu að reglum til samþykktar.

HÁ kynnti minnisblaðið en samkvæmt 5. mgr. 32. gr. og 4. mgr. 40. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 er Byggðastofnun heimilt að setja sér málsmeðferðarreglur um úrlausn mála sem varða kvartanir frá neytendum og lausn deilumál milli póstrekanda. Mælt er fyrir um málsmeðferð annarra mála í lögnum sjálfum.

Til máls tók MBJ.

Formaður bar upp reglur um málsmeðferð póstmála hjá Byggðastofnun og voru þær samþykktar samhljóða.

4. Uppfærðar reglur um peningaþvætti - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um endurskoðun á reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, verkferlar vegna áreiðanleikakönnunar, reglur Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka frá árinu 2019 og tillögur að nýjum reglum um sama efni.

HÁ kynnti minnisblaðið og tillögur að smávægilegum breytingum sem lagt er til að gera á reglunum og lúta að framkvæmd áreiðanleikakönnunar. Viðbótin felst í því að Byggðastofnun skal nú afla vottorðs um stjórnmalaleg tengsl umsækjenda og forsvarsmanna fyrirtækja, séu umsækjendur fyrirtæki. Aðilar með stjórnmalaleg tengsl eru þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, nánasta fjölskylda þeirra og einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Til máls tóku MBJ, KB og AÞ.

Formaður bar reglur Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Kauptilboð í Valgerðarstaði 4 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur kauptilboð frá Hilmari Gunnlaugssyni f.h. Spyrnis ehf. í fasteignir Byggðastofnunar að Valgerðarstöðum 4, Múlapingi.

HÁ kynnti tilboðið sem hljóðar upp á 150 m.kr. og er með þeim fyrirvara að samningur náist við núverandi leigutaka um ásættanlega samnýtingu eignarinnar, en það er forsenda kaupanna að unnt verði að hefja plöntuframleiðslu sem fyrst á árinu 2022. Þá er kaupanda ljóst að í gildi er leigusamningur og að leigutaki nýtur forkaupsréttar.

Lánanefnd leggur til við stjórn að tilboðið verði samþykkt með þeim fyrirvörum sem eru í tilboðinu. Leigjendur hafa forkaupsrétt og hefur verið tilkynnt um tillögu lánanefndar.

Til máls tóku MaH, GÞ, KG, AÞ, MBJ og HÓ.

MBJ bar upp tillögu lánanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 41/21-44/21 og samantekt yfir afgreiðslur lánanefndar sem AME kynnti.

Til máls tók GÞ.

7. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs sem AME kynnti um vaxtakjör stofnunarinnar en skv. starfsáætlun skal stjórn fjalla um vaxtakjör hennar tvisvar á ári.

Er það mat hans að vaxtakjör stofnunarinnar séu samkeppnishæf við aðrar fjármálastofnanir auk þess sem að 2% vegnum vaxtamun er viðhaldið í samræmi við viðmið úr áhættustefnu stofnunarinnar og eru því ekki lagðar til breytingar á þessum tímapunkti.

Til máls tóku MBJ, MH, AP, KG, HKH og GP.

8. COSME og staða lánveitinga til kynslóðaskipta - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs þar sem farið er yfir stöðu COSME samningsins og kynslóðaskipta í landbúnaði sem AP og AME kynntu.

Í ljósi þeirrar eftirspurnar sem þegar hefur verið fyrir lánnum innan verkefnisins, er líklegt að heildarpottur COSME muni klárast áður en samningurinn rennur út sumarið 2023 og eru fjórar mögulegar útfærslur teiknaðar upp í minnisblaðinu. Lagt er upp með að ákvörðun um næstu skref verði tekin á næsta stjórnarfund.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk SEP, AP og AME.

Tillaga að rannsóknaráætlun verður lögð fyrir stjórn um hvernig staðið verður að frekari gagnaöflun sem varpað getur skýrari ljósi á hve mikil þörf verður fyrir lánnum til að fjármagna jarðakaup/kynslóðaskipti í landbúnaði og ferðaþjónustu.

9. Atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og landshlutum - til kynningar

ÞS og SÁ komu inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

ÞS kynnti skýrslu um atvinnutekjur eftir svæðum og atvinnugreinum árin 2012-2020 og nýtt mælaborð sem sýnir upplýsingarnar á myndrænan og hátt.

Til máls tóku KG, GP og KB.

ÞS og SÁ viku af fundi.

10. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna og rekstrar 30. nóvember sl. sem AP kynnti.

Til máls tók GP.

KB vék af fundi

11. Brothættar byggðir, staða verkefnisins - til kynningar

HH og KPH komu á fundinn undir þessum dagskrárlið og fjölluðu um stöðu verkefnisins Brothættar byggðir.

HH og KPH viku af fundi.

12. Önnur mál

Viðbrögð við öryggisveikleika

MH upplýsti um viðbrögð stofnunarinnar við Log4j öryggisveikleikanum. Starfsmenn hafa verið í sambandi við hýsingaraðila stofnunarinnar sem hefur skannað kerfi hennar sem eru í hýsingu fyrir þessum veikleika. Hefur þessi veikleiki ekki fundist í kerfunum og því ekki þurft að bregðast við með sérstökum hætti. Áfram verður þó fylgst náið með kerfunum.

Mön, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

GP óskaði eftir upplýsingum á stöðu Manar eftir tjón sem þar var fyrir nokkrum vikum síðan og svaraði HÁ hvernig það snéri að stofnuninni.

13. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 21. janúar 2022 og verður tekin afstaða til staðsetningar fundarins þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:43.

Magnús Helgason, fundarritari.

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir